



Samþykktir fyrir Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef

1.gr. Tilgangur.

Myndstef eru samtök á sviði höfundaréttar að myndverkum og starfar sem sameiginleg umsýslustofnun á grundvelli laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og höfundalaga nr. 73/1972. Myndstef gegnir því lykilhlutverki að vernda höfundarétt félagsmanna vegna eintakagerðar og birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar. Heimili Myndstefs og varnarþing er í Reykjavík.

Félagsmenn samtakanna eru þeir sem afhent hafa Myndstef þartilgreint umboð, eða hafa veitt sérstakt og sannanlegt samþykki fyrir slíkri aðild, annað hvort í gegnum einstaklingsaðild eða í gegnum aðild að aðildarfélögum Myndstefs.

Umboð og/eða aðild veitir Myndstef rétt til einstaklingsbundinnar gæslu og sameiginlegrar umsýslu á notkunar- og birtingarrétti myndverka höfundar sem þegar hafa verið birt eða útgefin. Með aðild að Myndstef veita félagsmenn samtökunum umboð til að semja, innheimta og úthluta bótum og þóknun vegna ýmissa sameiginlegra réttinda félagsmanna, undir þeim skilmálum sem koma fram í samþykktum þessum, og í þartilgreindu umboði eða aðildarumsókn. Þar undir fellur:

- Heimild til að gera heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar vegna sameiginlegrar umsýslu félagsmanna og utanfélagsmanna, sbr. 3. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr. b., 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 18. gr., 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 23. gr. a. og 1. mgr. 23. gr. b. höfundalaga, og enn fremur í samræmi við almenna samningskvaðaheimild í 26. gr. a., að nánari skilyrðum uppfylltum. Myndstef tekur þannig að sér innheimtu höfundabóknunar utanfélagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir eru samningar um greiðslur fyrir afnot myndverka vegna ofangreindra ákvæða höfundalaga, og ábyrgist jafnframt skil þeirra gjalda til viðkomandi höfunda, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum hvað innheimtu og skil þessara gjalda varðar.
- Heimild til að fela sameiginlegum samtökum rétthafa, Fjölís, að semja við stofnanir og skóla, um innheimtu og úthlutun vegna afritunar og hliðstæðrar eftirgerðar myndverka og opinberrar birtingar, í samræmi við samninga og heimild í 12. gr. b., 1. mgr. 18. gr. og 26. gr. a. höfundalaga, að því leyti sem Myndstef sér ekki sjálft um þá samningsgerð.
- Heimild til að fela sameiginlegum samtökum rétthafa, IHM, að taka við og úthluta greiðslum vegna eintakagerðar til einkanota, á grundvelli 11. gr. höfundalaga.
- Heimild til að fela sameiginlegum samtökum rétthafa, IHM, að semja við þar til bærar stofnanir sem endurvarpa myndverkum, um innheimtu og úthlutun vegna endurvarps útvarps og sjónvarpsstöðva, í samræmi við 23. gr. d. höfundalaga, að því leyti sem Myndstef sér ekki sjálft um þá samningsgerð.

Myndstef tekur að sér að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Stjórninni er heimilt að yfirtaka verkefni Myndlistarsjóðs Íslands í þessu skyni sbr. 25. gr. b. höfundalaga. Um innheimtu þessara gjalda gilda einnig ákvæði reglugerðar nr. 486/2001.

Verkefni samtakanna auk almennrar höfundaréttargæslu fyrir félagsmenn skal vera að safna upplýsingum eða fá ábendingar um endurnotkun tiltekinna myndverka félagsmanna, koma á fót skrifstofu og vinnuferfi til þess að innheimta þóknun fyrir þessa notkun og koma henni til skila til félagsmanna og hafa með höndum gerð verðskrár og samninga í því sambandi. Samtökin stuðla einnig að úthlutun með skráningu og auglýsingu styrka til allra starfandi myndhöfunda, félagsmanna jafnt sem

utanfélagsmanna. Samtökin veita einnig styrki til einstakra verkefna og gjaldfrjálsa lögfræðipjónustu til félagsmanna, upp að ákveðnu marki.

Ennfremur hefur Myndstef með höndum samskipti við hliðstæða erlenda aðila, uppfylla skyldu þar samkvæmt þeim gagnkvæmnissamningum sem í gildi eru hverju sinni, að þeim skilyrðum uppfylltum, og koma fram fyrir hönd félagsmanna í þeim félagasamtökum, hagsmunasamtökum, réttthafasamtökum og öðrum höfundasamtökum sem Myndstef er aðili að, og er í samræmi við tilgang samtakanna.

Þá er það og verkefni Myndstefs að fylgjast grannt með þróun laga, reglna og viðskiptahátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna og sameiginlega umsýslu við opinbera- og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna vegna opinberrar birtingar og notkunar á myndverkum þeirra.

Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi hagsmunagæslu á höfundaréttarsviði nema hvað varðar endurbirtingar á myndverkum og aðra hliðstæða notkun, og geta félagsmenn tilgreint nánar um þá hagsmunagæslu sem skal undanskilin umsýslu. Enn fremur geta höfundar bannað notkun verka sinna alfarið, eða að hluta, og skal tilkynna Myndstef skriflega um slíkt.

2. gr. Aðild.

Stofnendur Myndstefs eru Samband íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra teiknara, Félag grafískra teiknara og Ljósmyndarafélag Íslands.

Rétt til inngöngu í Myndstef eiga hagsmunafélög og stofnanir sem fara með höfundarétt að myndverkum eins og skilgreint er í 1. mgr. 1. gr. hér að framan. Fulltrúaráð fjallar um þær aðildarumsóknir og þarf samþykki 2/3 hluta aðildarfélaga til þess að aðild teljist samþykkt.

Aðildarfélög Myndstefs eru: Arkítektafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra kvikmyndatökustjóra, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Félag íslenskra teiknara, Félag vöru- og iðnhönnuða, Grafía, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Íslensk grafík, Leirlistafélagið, Ljósmyndarafélag Íslands, Ljósmyndamiðstöð Íslands, Myndhöggvarafélagið, Myndlistarfélagið, Samband íslenskra myndlistamanna, Textílfélagið.

Aðilar ofangreindra félaga teljast fullnægja skilyrðum um félagsaðild að Myndstefi og verða sjálfkrafa aðilar að Myndstef hafi þeir veitt sérstakt og sannanlegt samþykki fyrir slíkri aðild. Slíkt samþykki telst veitt þegar réttthafi fær inngöngu í aðildarfélag að því tilskildu að réttthafa séu gefnar skýrar upplýsingar um þær skyldur og réttindi sem felast í aðild.

Myndhöfundar geta einnig verið utan félags og öðlast svokallaða einstaklingsaðild, ef þeir eiga hagsmuna að gæta vegna birtingar og annarrar hliðstæðrar notkunar á myndverkum þeirra. Í slíkum tilvikum skulu félagsmenn undirrita þartilgreint umboð sem tilgreinir hvers efnis Myndstef skuli fara með réttindi tengd endurnotkun verka eða höfundarétti þeirra. Umboð þetta má nálgast rafrænt á heimasíðu Myndstefs og tryggir undirritun félagsaðild í samræmi við hlutverk og skyldur Myndstefs, auk aðgangs að ókeypis lögfræðipjónustu.

Réttthafar eða erfingjar látinna listamanna skulu einnig skila inn sérstöku umboði til Myndstefs, eftir að sammælast um hver þeirra komi fram fyrir hönd erfingja, ef þeir eru fleiri en einn. Umboð þetta fellur sjálfkrafa úr gildi 70 árum eftir lát höfundar.

Myndstef kemur fram fyrir hönd erlendra höfunda samkvæmt umboði, eða í samræmi við gagnkvæmnissamninga Myndstefs við önnur höfundaréttarsamtök.

Fulltrúaráðið getur ákveðið að þeir sem eiga einstaklingsaðild að Myndstefi myndi hóp og tilnefni fulltrúa í fulltrúaráð Myndstefs, sbr. 3. gr. Hið sama gildir um aðild erfingja og annarra réttthafa sem hafa öðlast höfundarétt við gjöf eða erfðir.

Heimilt er að segja sig úr Myndstef en til þess að úrsögn sé gild þarf hún að berast stjórn með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Að auki hefur stjórn heimild til að synja félagsmanni um einstaklingsaðild, ef hann uppfyllir ekki skilyrði um aðild, og jafnframt víkja félagsmanni úr

samtökunum hafi hann gerst brotlegur við samþykktir þessar eða aðildarumboð. Rétthafar sem ekki eru aðilar að Myndstef er heimilt að banna hagnýtingu verka sinna og/eða óska eftir einstaklingsbundinni úthlutun, og skal slíkum kröfum vera komið skriflega á framfæri við Myndstef.

Um aðild að Myndstef gilda að öðru leyti en hér greinir aðildarreglur Myndstefs, eins og þær eru á hverjum tíma.

3. gr. Fulltrúaráð.

Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann í fulltrúaráð Myndstefs. Aðildarfélög tilkynna tilnefningu fulltrúa skriflega til Myndstefs og gildir hún þar til hún er afturkölluð skriflega. Endurskoða skal heildarfjölda fulltrúaráðs ef fulltrúafjöldi er kominn yfir 20 manns.

Aðalverkefni fulltrúaráðsins eru að fjalla um starf og stefnu Myndstefs, sbr. 1. gr. samþykktar þessarar. Ennfremur skal ráðið hafa eftirlit með starfsemi félagsins, sem og kjósa/tilnefna 2 stjórnarmenn í stjórn Myndstefs. Tillögur til tilnefningar stjórnarmanns skulu berast skrifstofu Myndstefs tímanlega fyrir aðalfund ár hvert.

Fulltrúaráð tilnefnir sér sjálft formann. Formaður stjórnar fundum fulltrúaráðs og verður ekki ályktað á fulltrúaráðsfundi um mál sem ekki er getið í fundarboði. Afl atkvæða ræður úrslitum sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Fundargerðir skulu færðar í gerðarbók.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar minnst einu sinni á ári, á aðalfundi. Ella skal halda fulltrúaráðsfundi þegar stjórn eða a.m.k. tvö aðildarfélög óska þess. Fulltrúaráðið skal boðað til funda skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði.

4. gr. Stjórn.

SÍM, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Ljósmyndarafélag Íslands kjósa/tilnefna þrjú stjórnarmenn úr sínum röðum - einn úr röðum ljósmyndara, einn úr SÍM (Sambandi íslenskra myndlistarmanna) og einn meðlim úr Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Stjórn skipar þá 5 stjórnarmenn í heildina, 3 kosnir samkvæmt ofangreindu, auk þeirra tveggja meðlima sem fulltrúaráð hefur kosið. Hver meðlimur stjórnar skipar sér varamann. Formaður er kosinn af stjórn á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund.

Stjórnin stýrir starfsemi Myndstefs. Boðað skal til stjórnafunda með þriggja daga fyrirvara skriflega og greina frá fundarefni. Skylt er að halda stjórnarfund ef formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess, eða ef formleg beiðni þess efnis kemur frá fulltrúaráði. Stjórnarfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og meirihluti stjórnarmanna og/eða varamanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Fundargerðir stjórnarfunda skulu skráðar í gerðarbók.

Stjórnin sér um daglegan rekstur Myndstefs og getur í því sambandi tekið ákvörðun um rekstur skrifstofu og gert samninga um starfsmannahald, t.d. ráðið til sín framkvæmdastjóra sem sér um daglegan rekstur, annast fjárreiður sambandsins, bókhald, bréfaskriftir og annað sem hér að lýtur, sem og lögfræðing sem annast samninga og rágjöf við félagsmenn. Stjórnin skipar fulltrúa til setu í stjórnnum, ráðum og nefndum sem Myndstef kann að eiga aðild að. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Fulltrúaráð hefur rétt til að skipa áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, ef þess telst sérstaklega þörf, svo og starfsmenn félagsins sem hafa sams konar rétt til fundarsetu á stjórnarfundum.

5. gr. Kvartanir og álitaefni

Stjórn Myndstefs tekur lokaákvæðanir hvað varðar ábendingar eða kvartanir frá félagsmönnum eða meðlimum fulltrúaráðs sem lúta að starfsemi Myndstefs, úthlutun eða öðru tengt rekstri eða verklagi samtakanna. Slíkum ábendingum skal svarað innan 3 mánaða. Stjórn getur ákveðið að skjóta ágreiningsefni til þriggja manna úrskurðarnefndar, sem skipuð skal af fulltrúaráði Myndstefs. Allar

ákvarðanir úrskurðarnefndar skulu vera skriflegar og rökstuddar og tilkynntar viðkomandi aðildarfélagi innan hæfilegs tíma.

6. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur skal haldinn að vori ár hvert og ekki seinna en í júnílok. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir sem eru fullgildir félagar samkvæmt skrá félagsins.

Aðalfundur skal auglýstur með hæfilegum fyrirvara, með minnst 10 dögum.

Á aðalfundi skal ákveða að lágmarki eftirfarandi atriði í samræmi við lög um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019:

1. Á aðalfundi skal ákveða hvers kyns breytingar á samþykktum og á aðildarskilmálum sameiginlegrar umsýslustofnunar ef aðildarskilmálarnir eru ekki settir í samþykktunum.
2. Á aðalfundi skal ákveða tilnefningu stjórnarmanna og kjör þeirra
3. Á aðalfundi skal ákveða almenna stefnu Myndstefs sem sameiginleg umsýslustofnun á sviði sjónlista. Þar undir falla eftirfarandi atriði sem skylt er að fjalla um í samræmi við 6. gr. laga nr. 88/2019:
 1. Almenn stefna um úthlutun réttindagreiðslna til réttihafa.
 2. Almenn stefna um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
 3. Almenn fjárfestingarstefna með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra.
 4. Almenn stefna um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra.
 5. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
 6. Áhættustýringarstefna.
 7. Samþykki fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna.
 8. Samþykki um samruna og bandalög, stofnun dótturfélaga og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum.
 9. Samþykki fyrir lántöku, lánveitingum eða útgáfu lánatrygginga.
 10. Tilnefning og uppsögn endurskoðenda
 11. Árleg gagnsæisskýrsla Myndstefs skal kynnt og lögð fram til samþykkis, í samræmi við 23. gr. laga nr. 88/2019 sbr. einnig viðauka með lögunum, þar með talin endurskoðunarskýrsla, skýrsla stjórnar og hagsmunaskrá.
4. Verðskrá Myndstefs skal lögð fram til afgreiðslu á aðalfundi.
5. Önnur mál.

Ákvarðanir á aðalfundi verða að hljóta einfaldan meirihluta greiddra atkvæða, en ákvarðanir um breytingar á samþykktum fer eftir 11. gr.

Fulltrúar úr fulltrúaráði aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Að auki geta fulltrúar erfingja á fundinum farið með eitt atkvæði, sem og fulltrúar þeirra sem eru með einstaklingsaðild.

Árleg gagnsæisskýrsla Myndstefs skal birt á heimasíðu samtakanna að aðalfundi loknum.

7. gr. Verðskrá

Verðskrá Myndstefs er birt á heimasíðu samtakanna, www.myndstef.is, og skal endurskoðuð fyrir aðalfund ár hvert og staðfest þar. 100% álag leggst ofan á verðskrá þar sem ekki var aflað leyfis fyrirfram, eða í öðrum þeim tilfellum sem not samrýmast ekki skilmálum verðskrár eða eru að leyti falli óheimil. Þau tilfelli sem falla utan verðskrár skal semja um sérstaklega. Við brot á sæmdarrétti skal innheimta bætur í formi hlutfalls 2/3 af verðskrá Myndstefs, en sæmdarréttur er ófjárhagslegur réttur höfundar, sbr. 4. gr. höfundalaga.

8. gr. Fjármunir.

Þeim fjármunum sem samtökin innheimta skal úthlutað til þeirra höfundarétthafa sem hlut eiga að máli, að svo miklu leyti sem það er unnt. Úthlutun fer fram að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári. Frá úthlutun skal draga frá kostnað vegna innheimtu.

Aðra fjármuni sem eðli máls samkvæmt verður ekki úthlutað einstaklingsbundið er stjórninni heimilt að ráðstafa til úthlutunnar styrkja til starfandi myndhöfunda eftir að dreginn hefur verið frá kostnaður vegna reksturs samtakanna. Úthlutun vegna samningskvaðaheimilda lýtur þessum reglum. Utanfélagsmenn geta þó gert kröfu til þess að fá einstaklingsbundna þóknun fyrir not á grundvelli samningskvaðaleyfis. Kröfu um slíka þóknun verður einungis beint að samtökunum og skal hún vera skrifleg.

Jafnt félagsmenn sem utanfélagsmenn geta sótt um í styrktarsjóðinn. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd sem ákveður styrki í samræmi við úthlutunarreglur. Stjórnin skal hafa samráð við löggiltan endurskoðanda samtakanna áður en ákvörðun er tekin um árlega fjárupphæð sem ráðstafa á til styrkúthlutunar.

Stjórnin getur tekið ákvörðun um úthlutun styrkja til aðildarfélaga samtakanna í sérstök verkefni á þeirra vegum, sem og til einstakra félagsmanna vegna sérstakra mála sem gætu talist fordæmisgefandi fyrir málefni myndhöfunda. Stjórn setur sér nánari verkreglur hvað þetta varðar.

9.gr. Varasjóður

Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan Myndstefs, og óvæntum kostnaði Myndstefs öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% prósent af heildartekjum Myndstefs hvers rekstrarárs. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 30.000.000,- falla greiðslur til hans niður. Fjárhæð þessi skal endurskoðuð árlega og ákvörðuð endanlega af aðalfundi samtakanna, og skal koma fram í ársreikningi.

10. gr. Ágreiningsmál.

Öllum ágreiningsmálum sem upp kunna að koma vegna ákvörðunar stjórnar um meðferð og skiptingu fjármuna félagsins skal vísað til sérstaks gerðardóms enda hafi áður verið fjallað um ágreininginn í fulltrúaráði og stjórn. Gerðardómur úrskurðar ennfremur í málum sem lúta að synjun á aðildarumsóknum svo og ágreiningsmálum milli aðildarfélaga um skilning á samþykktum Myndstefs.

Stefnu til gerðardóms skal senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir afgreiðslu stjórnar á ágreiningsmáli og tilkynningu til aðila um úrslit þar um. Að öðru leyti gilda um málsmeðferð reglur í lögum um meðferð einkamála í héraði. Ofangreindur gerðardómur skal þannig skipaður að yfirborgardómari í Reykjavík tilnefnir þrjá dómendur til tveggja ára í senn þar af a.m.k. tvo lögfræðinga og skal annar þeirra vera sérfróður á sviði höfundaréttar.

11. gr. Gildistaka.

Samþykktir þessar taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar með meirihluta atkvæða á fyrsta fulltrúaráðsfundi. Til breytinga á þeim þarf 3/4 hluta atkvæða á aðalfundi fulltrúaráðs. Slíta skal félaginu ef þess er krafist af 3/4 hluta aðildarfélaga og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum 3/4 hluta allra aðildarfélaganna.

Reykjavík, 26. febrúar 1993

Samþykktum síðast breytt á auka-aðalfundi samtakanna, 7. mars 2024.